




Skipulagsstofnun
Sviðsstjóri sviðs stefnumótunar og miðlunar
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Stykkishólmi 15. september 2022

Efni: Ósk um umsögn um tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða

Breiðafjarðarnefnd fékk senda til umsagnar tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Skipulagssvæði strandsvæðisskipulags Vestfjarða nær yfir firði og flóa frá Bjargtöngum í suðri að Straumnesi í norðri.



Mynd 1. Skipulagssvæði strandsvæðisskipulags Vestfjarða

Breiðafjörður er ekki innan skipulagsmarka strandsvæðisskipulags Vestfjarða og skipulagssvæðið nær ekki inn á svæðið sem er verndað samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Engu að síður vill Breiðafjarðarnefnd þakka fyrir að hafa verið upplýst um stöðu strandsvæðisskipulags Vestfjarða.



BREIÐAFJARÐARNEFND

Breiðafjarðarnefnd er sammála að skipulagsstefna Svæðisráðs Vestfjarða fjalli ekki um þann hluta Breiðafjarðar sem tilheyrir Vesturbyggð. Verndarsvæði Breiðafjarðar hefur sérstöðu meðal allra verndarsvæða á Íslandi þar sem það er eina verndarsvæðið á landinu sem tekur til land- og hafsvæða. Nefndin undirstrikar að best sé að skipuleggja Breiðafjörðinn sem eina heild.

Virðingarfyllt,

Fh. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar